

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 670/2025 um heimild grænleuskra skipa til veiða á makríl á árinu 2025.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. reglugerðarinnar:

a. 2. mgr. 14. gr. orðast svo:

Grænensk skip sem hafa leyfi skv. 2. gr. er heimilt að fullvinna afla um borð.

b. Á eftir 2. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Óheimilt er að hefja veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu ef afli veiddur utan íslenskrar fiskveiðilögsögu er um borð í fiskiskipinu.

Afli sem veiddur er í íslenskri fiskveiðilögsögu og fullunninn er um borð í fiskiskipi samkvæmt samningi milli Grænlands og Íslands um veiðar á makríl skal landa á Íslandi.

Skýlt er að landa afskurði er fellur til við fullvinnslu afla.

Óheimilt er að hefja veiðar utan íslenskrar fiskveiðilögsögu fyrr en að lokinni löndun á Íslandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 14. júlí 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Guðmundur Þórðarson.

B deild - Útgáfudagur: 15. júlí 2025